




Stýrimannastígur 2 – Byggingarleyfisumsókn

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. apríl 2026 þar sem sótt er um breytingar á innra skipulagi húss, nýju fyrirkomulagi glugga í kjallara, tilfærslu útihurðar bakatil, uppsetningu hjólageymslu og stofnunar bílastæðis við einbýlishús á lóð nr. 2 við Stýrimannastíg.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Stýrimannastíg 2 borgarhluta 1 Vesturbæ og er á skilgreindu íbúðarsvæði.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir lóðina.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til breytinga á húsi og lóð við Stýrimannstíg 2. M.a. er sótt um eftirfarandi breytingar sem brugðist er við í þessari umsögn:

- Sameina tvær íbúðir í eina.
- Færa og endurnýta hurð á bakhlið hússins
- Byggja nýja geymslu undir svölum á vesturhlið.
- Loka einum glugga í kjallara og gera tvo nýja glugga til suðurs.
- Gera op á núverandi girðingu að götu og útbúa bílastæði á lóð.
- Byggja stoðvegg með fallvörn við gróðurbeð og lækka land við nýja glugga í kjallara.

Stýrimannastígur 2 er bárujárnsklætt timburhús, byggt árið 1903, og er því friðað skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Fyrir liggur jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um fyrirhugaðar framkvæmdir.


Lóðin er einnig á hverfisverndarsvæði innan Hringbrautar sem skilgreint er í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Viðfangsefni borgarverndar í aðalskipulagi snúa einkum að verndun grunnmynsturs og heildaryfirbragðs byggðar. Markmið



hverfisverndar innan Hringbrautar eru m.a. að „varðveita og styrkja þau einkenni og það heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gera hann einstakan og eftirsóknarverðan stað í alþjóðlegu samhengi – varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg og byggingarlistarleg einkenni.“

Skipulagsfulltrúi tekur undir niðurstöðu Minjastofnunar Íslands í sinnu umsögn um að fyrirhugaðar breytingar á húsinu, þ.e. tilfærsla á hurð á bakhlíð, geymsla undir svölum og hóflegur frágröftur frá nýjum gluggum í kjallara, hafi óveruleg áhrif á ásýnd þess. Skipulagsfulltrúi gerir því ekki athugasemd við ofangreindar framkvæmdir eða að íbúðir í húsinu séu sameinaðar í eina.

Skipulagsfulltrúi fellst hins vegar ekki á að útbúið sé bílastæði innan lóðarinnar. Nýtt stæði á lóðinni krefðist þess að ný innkeyrsla yrði gerð frá götunni þar sem nú er afmarkað bílastæði í borgarlandi. Ekki er talið æskilegt að fjölga sérafnotastæðum í eldri byggð á kostnað almenningsstæða. Auk þess hefur almennt ekki verið tekið jákvætt í ný bílastæði innan lóða þar sem það fjölgar stöðum þar sem ekið er yfir gangstéttar. Slíkt fyrirkomulag hefur neikvæð áhrif á gönguvæni umhverfisins og öryggi óvarinna vegfarenda sem skv. aðalskipulagi og samþykktri borgarhönnunarstefnu Reykjavíkur skulu vera í forgangi við skipulag og útfærslu almenningsrýma.



Niðurstaða

- Ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á húsinu og að íbúðir séu sameinaðar í eina.
- Ekki er fallist á að útbúið sé bílastæði á lóðinni.
- Grenndarkynna þarf uppfærða uppdraetti.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Ingibergsson

verkefnastjóri